

Ársskýrsla Maríuhúss 2016

Skjólstæðingar

Maríuhús hefur haft leyfi fyrir 20 skjólstæðinga en í lok maí var bætt við tveimur leyfum og því eru nú 22 leyfi hjá okkur. Þessi auka leyfi komu til vegna fráflæðisvanda á Landspítala. Tveir skjólstæðingar innrituðust beint af spítalanum. Í báðum tilfellum voru þeir útskrifaðir innan tveggja mánaða.

Á árinu 2016 voru 47 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 24 karlar og 23 konur. Af þeim bjuggu 32 með maka eða barni en 15 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 83,3 ár (67 til 94 ára).

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifuðust á árinu var 19,2 mánuðir en sá sem var styst var tæpa 3 mánuði en sá sem var lengst hafði verið í rúma 52 mánuði.

Um áramót 2016/2017 voru 28 einstaklingar skráðir í Maríuhús. Þeir koma 3 til 5 daga í viku.

Átta skjólstæðingar fá aðstoð við böðun, einu sinni til þrisvar í viku. Átján skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku. Einn herra fær daglega aðstoð við rakstur og þrír skjólstæðingar fá hvatningu og aðstoð við tannburstun. Einnig er fimm skjólstæðingum veitt regluleg aðstoð við að skipta um innlegg/bleyjubuxur.

Ellefu skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku.

Heimaþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 20 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Sextán skjólstæðingar fengu færni og heilsumat á árinu og þrír útskrifuðust héðan í biðpláss á spítala.

Nánari tölulegar upplýsingar og samanburður frá árinu 2012 er hér aftast.

Starfsmenn

Á árinu varð breyting í starfsmannahópnum. Einn almennur starfsmaður byrjaði hjá okkur í janúar í 100% stöðu. Í haust minnkaði hún starfið niður í 25% og fór í hjúkrunarnám í Háskólanum á Akureyri. Hún fór í fæðingarorlof um jólin.

Starfsmaðurinn sem var ráðinn í eldhúsið á síðasta ári var í launalausum leyfi í sumar. Nýr starfsmaður var því ráðinn í maí til að leysa hana af í sumar og kom svo í stað þeirrar sem minnkaði við sig prósentu.

Í haust sagði starfsmaður í eldhúsi upp. Önnur var ráðin í hennar stað en ekki varð af fastráðningu. Búið er að ráða aftur og mun nýr starfsmaður hefja störf í janúar.

Tveir sumarafleysingastarfsmenn voru hjá okkur í sumar og annar þeirra kom í 60% vinnu í desember til að brúa bil milli fastráðinna starfsmanna.

Í upphafi árs voru 7 starfsmenn í 6,55 stöðugildum en í lok árs voru 7 starfsmenn í 5,95 stöðugildum en stefndi í að það hækkaði aftur í 6,5 stöðugildi á nýja árinu.

Nú um áramót starfa í húsinu hjúkrunarfræðingur, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari, sjúkraliði með sérnám í öldrun, sjúkraliði og tveir almennir starfsmenn.

Í maí var húsinu lokað í einn dag og átta starfsmenn fóru í náms- og árshátíðarferð. Gist var í Hveragerði og síðan var farið í Sólheima þar sem starfssemin var kynnt. Höfðum við bæði gagn og gaman af ferðinni.

Forstöðumaður hóf meistaranám í hjúkrun haustið 2015 og fékk leyfi stjórnar til að vera allt að 20% í námsleyfi. Á vorönn reyndist það 11,5% og haustönn 10,3%.

Starfsdagar hússins voru nýttir í skipulag, undirbúning á virkni og fræðslu en allir hópurnir fóru til dæmis á samskiptanámskeið og málþing heilabilunareiningar LSH þar sem fjallað var um svefn og hegðunareinkenni. Við fórum í fróðlegar heimsóknir á hjúkrunarheimilið Skjól og í dagþjálfunina í Hlíðabæ. Við höfðum ekki starfsdaga í sumar.

Nemar

Það er alltaf eitthvað um nemaheimsóknir. Hjúkrunarfræðinemar koma og fá kynningu á starfseminni í tengslum við öldrunarhjúkrunarnámskeið. Félagsliðar í framhaldsnámi í öldrun komu líka og voru hjá okkur hálfan dag. Það kom í fyrsta sinn ósk frá kennara þroskaþjálfanema um að þeir fengu að koma í kynningu. Við urðum við því og það er gaman að segja frá því að áhuginn hjá þeim var svo mikill að skipta þurfti hópnum í tvennt svo við gætum tekið á móti öllum.

Ytri þjónusta

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús eins og áður. Á árinu hafa 44 skjólstæðingar nýtt sér aksturþjónustu. Seltjarnarnesbær sér um akstur fyrir sitt fólk en á árinu voru fimm skjólstæðingar af Seltjarnarnesi.

Jón G. Snædal, öldrunarlæknir á Landakoti hefur komið einu sinni í viku í Maríuhús og sinnt skjólstæðingum okkar á fjölbreyttan hátt.

Það kemur fótaaðgerðarfræðingur og snyrtifræðingur í Maríuhús eftir þörfum og sinnir skjólstæðingum okkar sem þess óska. Seint í haust lét hún vita að hún kæmist ekki lengur til okkar, vegna persónulegra aðstæðna og á nýju ári byrjar nýr fótaaðgerðafræðingur að koma. Einnig kemur hárgreiðslukona í húsið eftir þörfum.

Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fótaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar mikið skutl fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu.

Þrjár skjólstæðingar fengu á árinu heimasjúkraþjálfun hingað í Maríuhús.

Hreint hefur séð um þrif í Maríuhúsi og komið tvisvar í viku. Vegna óánægju var leitað tilboða og nú hefur Sólar tekið við. Þau koma þrisvar í viku og erum við mjög sátt við vinnu þeirra.

Aðstaða

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði Maríuhúss. Í nýjum samningi á haustdögum var tekið fram að borgin legði til húsnæðið fyrir borgarbúa og því ljóst að ekki verður hægt að veita

Íbúum nágrannasveitafélaga þjónustu eins og áður hefur verið. Á árinu voru fimm skjólstæðingar hjá okkur af Seltjarnarnesi og tveir Kópavogsbúar. Engum verður úthýst frá okkur en nýir skjólstæðingar munu koma úr borginni.

Reykjavíkurborg hefur sinnt viðhaldi á húsnæðinu. Í haust var húsið málað að utan með tilheyrandi múrviðgerðum. Í ljós kom að sumir gluggarnir eru orðnir lélegir og mögulega verður skipt um glugga á næsta ári.

Það hefur verið á dagskrá að pússa og lakka allt parkett á efri hæðinni í fjögur ár núna en það bíður enn þess að borgin hafi fjármagn í það.

Eftir viðgerðir vegna raka, haustið 2015 er loftið í húsinu allt annað og betra. Nú á árinu var sett loftræsting í baðherbergið svo að rakinn þar er einnig minni.

Talsvert autt svæði (gras og stétt) eru á bak við húsið. Við höfum alltaf drauma um að geta nýtt það betur, til dæmis með því að útbúa púttvöll. Stór pallur með skjólvegg myndi líka gera mikið, þá væri líka hægt að hafa meira opið út án þess að við hefðum áhyggjur af að einhver rati ekki til baka til okkar.

Við nýtum svæðið ekki mikið eins og það er, helst til að spila Kubb eða slík spil og eins erum við með fjögur fiskikör þar sem við ræktuðum kartöflur í, í sumar.

Starfið

Í Maríuhúsi leggjum við megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla líkamlega, vitræna og félagslega færni þeirra.

Við leggjum áherslu á að virkni fari fram í minni hópum því skjólstæðingahópur okkar nýtur sín betur þannig. Við eflum líkamlega færni með stólaleikfimi og gönguferðum, við eflum félagslega færni með samveru og við eflum vitræna færni með bæði iðju eins og kertagerð, þæfingu, málun, mósaiík, smíðum og fleira. En einnig ýmsri hugarleikfimi; við lesum bækur, tölum um ferðalög, spilum ýmis spil og svo mætti lengi telja.

Skjólstæðingar okkar aðstoða okkur við eldhúsverkin, leggja á borð, baka með okkur og vaska upp, þannig fá þeir hlutverk og þjálfun sem nýtist þeim heima.

Kiwanisklúbburinn Elliði færði okkur smíðabekk og tifsög að gjöf í desember. Við kunnum þeim miklar þakkir. Því var komið fyrir á neðri hæð bílskúrsins og mun iðjubjálfi hússins fá leiðbeiningar í félagsstarfinu í Árskógum til að þessar góðu græjur nýtist okkur sem best. Það er oft erfiðara að finna virkni fyrir karla en konur og því er þetta kærkomin viðbót í starfið okkar.

Proskapjálfi hússins heldur utan um Sólskinsklúbb í anda Sparkle of life hugmyndafræðinnar sem að Jane Verity stendur á bak við. Hún, ásamt öðrum starfsmanni, sjá um vikulegan klúbb sem í er hópur af þeim skjólstæðingum sem er hvað lengst gengnir í sínum heilabilunarsjúkdómi. Við höfum séð fólk blómstra eftir að hafa byrjað í Sólskinsklúbbnum.

Það hefur staðið til að halda námskeið fyrir fleira starfsfólk hússins og vonandi verður af því fyrr en síðar.

Haustið 2015 fengu fjórir skjólstæðingar tækifæri til að taka þátt í verkefni sem kallast Listir og menning sem meðferð. Þeir fóru, ásamt aðstandendum og einum starfsmanni í heimsókn á Listasafn Íslands. Þar tóku á móti þeim starfsmaður safnins og Halldóra Arnardóttir, listfræðingur og áttu þau markvissa heimsókn þar. Framhald varð á því verkefni í ár og voru skipulagðar mánaðarlegar heimsóknir á Listasafn Íslands eða önnur söfn. Þeir skjólstæðingar sem hafa áhuga og eiga aðstandanda sem getur tekið þátt í þessu með þeim, eru velkomnir. Það hafa verið að fara á bilinu 4 til 7 skjólstæðingar í hvert sinn. Mikil ánægja er hjá öllum með þetta verkefni.

Við höfum fengið fjölda gesta í húsið á árinu; rithöfundar, tónlistarfólk og dansarar hafa glatt okkur með nærveru sinni og í langflestum tilfellum kemur fólk til okkar án endurgjalds sem er ómetanlegt.

Við höfum einnig farið mikið úr húsi. Við fórum upp í Hvalfjörð seint í vor að kíkja á sauðburðinn, það vekur alltaf jafn mikla gleði. Sumarferðin okkar var farin í september og farið um neðri hluta Árnessýslu. Við höfum einnig farið á tónleika, í bíó, í húsdýragarðinn, í Alþingi og áfram mætti telja.

Við höfum undanfarin ár boðið mökum að taka þátt í ýmsu með okkur, bjóðum þeim alltaf á Litlu jólin og Þorrablót og einnig í sumarferðina í ágúst/september. Það er gaman að segja frá því að þátttaka maka er alltaf góð.

Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera skjólstæðingum okkar kleift að búa heima sem lengst og þeir þurfa á öllum þeim stuðningi, sem í boði er, að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags eða heimaþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 11 skjólstæðingar í hvíldarinnlögn, fimm þeirra fóru tvisvar eða oftar.

Dvöl þeirra var á bilinu 1 til 4 vikur, að meðaltali 2,2 vikur.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Markmið okkar fyrir komandi ár er að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið svo að skjólstæðingar okkar geti búið sem lengst heima, við sem besta heilsu og aðbúnað.

Reykjavík, 9. febrúar 2017

Ólína Kristín Jónsdóttir

hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss

	2016	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	47	40	45	42	46
Innskriftir	22	16	20	17	22
Útskriftir	19	15	21	17	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	10,8 mán	8,9 mán	8,1 mán	8,1 mán	9,0 mán
mest	36,3 mán	29,6 mán	24,1 mán	21,2 mán	20,1 mán
minnst	0,4 mán	1,5 mán	2,6 mán	4,2 mán	2,9 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	19,2 mán	17 mán	16,6 mán	20,7 mán	19,7 mán
mest	52,6 mán	28 mán	40,4 mán	52,8 mán	47,3 mán
minnst	2,8 mán	5,7 mán	4,1mán	3 mán	3,2 mán
Meðalaldur	83,3	81,2	78,4	77,5	79,3
Konur	23	22	20	19	25
Karlar	24	18	25	23	21
Búa einir	15	12	16	18	17
Fá heimaþjónustu	20	15	16	19	25
Fóru í hvíldarinnlögn	11 (19 innlagnir)	10 (18 innlagnir)	11	13	15
meðaltími í hvíld	2,2 vikur	2,8 vikur	3,3 vikur	4,25 vikur	3,25 vikur
Notfæra sér akstursþjónustu	44	38	41	37	40
Fengu Færni og heilsumat	16	11	9	13	11
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	4,9 mán	2,3 mán	3,2 mán	3,2 mán	3,9 mán
mest	27,7 mán	6,8 mán	7,2 mán	6,6 mán	7,6 mán
minnst	0,7 mán	0,2 mán	0,2 mán	0,9 mán	1,1 mán
Sjúkrahúsinnlagnir	7 (7 skjólst)	11 (8 skjólst)	11 (9 skjólst.)	13 (10 skjólst.)	17 (15 skjólst.)
Útskrift á spítala	3	5	6	3	6
Andlát (heima eða á spítala)	0	1	2	0	4

2015 Fimm skjólstæðingar voru minna en 2 mánuði og eru ekki taldir með í meðaldvalartíma.

Af þessum 5 sem voru styttra fóru 2 í biðpláss á LSH, 1 neitaði að koma, 1 fékk hjúkrunarrými og 1 dó

2016 Fjórir skjólstæðingar voru minna en 2 mánuði og eru ekki taldir með í meðaldvalartíma

Af þessum 4 sem voru styttra fór 1 í almenna dagþjálfun, 1 í biðpláss á LSH og 2 neituðu að vera